

Hr. Össur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra
Utanríkisráðuneytið
Reykjavík

24. jan. 2013

Ágæti ráðherra,

Áttundi fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu var haldinn í utanríkisráðuneytinu hinn 17. desember síðastliðinn. Hófst fundurinn með hádegisverði þar sem samstarfsráðinu gafst tími til góðra umræðna. Helsta viðfangsefni fundarins var endurskoðun á Þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-2014, sem samþykkt var á Alþingi í júní 2011 (þróunarsamvinnuáætlun) og tillaga til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016. Einnig var samstarfsráðinu kynnt ný jafnréttisstefna á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu auk þess sem sagt var frá því helsta sem á baugi er hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þá var greint frá úttekt sem gerð var á Alþjóðlega jafnréttisskólanum, en niðurstöður hennar voru einkar jákvæðar. Að lokum var rætt um nýlega heimsókn teymis frá Þróunarsamvinnunefnd OECD og þá rýni sem fram hefur farið á þróunarstarfi Íslands. Að lokum var rætt um næsta fund samstarfsráðsins, en fyrir liggur að halda þarf fund í janúar þar sem margskonar stefnumótunarvinnu þarf að kynna ráðinu áður en lögð er fram ný þingsályktunartillaga á Alþingi.

María Erla Marelsdóttir greindi samstarfsráðinu frá vinnu sem farið hefur fram við endurskoðun á núgildandi þróunarsamvinnuáætlun auk tillögu að þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016, sem utanríkisráðherra bera að leggja fram annað hvert ár samkvæmt lögum nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. María Erla fór yfir tillögur að breytingum sem lagðar eru til, en þær eru minniháttar. Fyrst og fremst hefur verið skerpt á orðalagi auk þess sem aðgerðir hafa verið uppfærðar og upplýsingum breytt í takt við breytingar á alþjóðavettvangi. María Erla greindi frá því að Í tillögunum er lagt til eitt nýtt viðfangsefni það er að gerð verði greining á tvíhliða samstarfslöndum Íslands. Eftir umræður lýsti samstarfsráðið yfir stuðningi við breytingarnar og þar með nýja tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016.

Þá kynntu Þórarinna Söbech og Þórdís Sigurðardóttir drög að sameiginlegri jafnréttisstefnu utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ á sviði þróunarsamvinnu, sem kveðið er á um í núgildandi þróunarsamvinnuáætlun. Meginmarkmiðið með sameiginlegri stefnu er að skerpa heildarsýn hvað varðar jafnrétti kynjanna í þróunarsamvinnu Íslands. Fagteymi í jafnréttismálum, sem í sitja fulltrúar utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ, unnu drög að jafnréttisstefnu sem byggist bæði á alþjóðlegum samþykktum og yfirlýsingum og íslenskum lagagrundvelli. Hún kallast á við þróunarsamvinnuáætlun hvað varðar áherslusvið og tímaramma, en lögð er áhersla á fjögur megin svið: menntun, heilsu, auðlindir og umhverfi og konur, frið og öryggi. Í stefnunni er rík áhersla lögð á árangur og eftirfylgni, bæði hvað varðar tvíhliða og fjölbjóðlega þróunarsamvinnu sem og samstarf við félagasamtök. Samstarfsráðið lýsti yfir ánægju sinni og stuðningi við stefnuna.


Því næst kynnti María Erla helstu niðurstöður óháðrar úttektar sem gerð var á starfsemi Alþjóðlega jafnréttisskólans (GEST) á Íslandi. Niðurstöður úttektarinnar, sem er forsenda fyrir því að skólinn geti orðið hluti af neti skóla HSP, var afar jákvæð gagnvart starfsemi skólans og leiddi í ljós að hann uppfyllir öll nauðsynleg skilyrði um fulla aðild að neti skóla HSP.

Engilbert Guðmundsson greindi þá frá ýmsum málum hvað varðar starfsemi ÞSSÍ. Stofnunin hefur nýlega gefið út tvö skjöl: „sýn og starfshætti ÞSSÍ“ og „leiðarljós ÞSSÍ í umhverfismálum“ sem birt hafa verið á heimasíðu ÞSSÍ og verið að ljúka við að þýða yfir á ensku. Hann greindi auk þess frá stöðu jarðhitaverkefnis sem byggir á samstarfssamningi utanríkisráðuneytisins og Alþjóðabankans um nýtingu jarðhita í Austur-Afríku en ÞSSÍ er framkvæmdaaðili fyrsta hluta þess verkefnis. Þá greindi hann í stuttu máli frá starfsemi ÞSSÍ í samstarfslöndum stofnunarinnar: Malaví, Mósambík og Úganda.

Þá greindi María Erla frá heimsókn teymis frá Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) til landsins í nóvember sl. Teymið framkvæmdi sérstaka rýni á umgjörð þróunarsamvinnu Íslands, en hún er forsenda þess að hægt sé að sækja um aðild að nefndinni. Fyrstu niðurstöður rýninnar voru mjög jákvæðar í garð þróunarsamvinnu Íslands, en lokaskýrsla frá teyminu mun berast í janúar og verður hún þá kynnt samstarfsráðinu.

Að lokum var rætt um að halda næsta fund samstarfsráðsins fljótlega sökum mikillar stefnumótunarvinnu framundan á sviði þróunarsamvinnu.

Með kveðju,



Valgerður Sverrisdóttir

Formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit. Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu.